

Nd.

31. Frumvarp

til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til þess að selja ýmsar nauðsynjavörur undir verði, og að gjalda verðhækkunina eftir því sem lög þessi greina:

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Með lögum þessum er stjórninni heimilað að greiða þá verðhækkun, sem orðin er eða verða kann á þeim vörum, sem taldar eru í þessari grein, fram yfir það er hjer segir:

	Kg.	Kr.
Rúgmjöl	100	35,00
Hrísgrión.	100	60,00
Hveitímjöl nr. 1...	100	60,00
— — 2...	100	55,00
— — 3...	100	50,00
Haframjöl	100	50,00
Kartöflur.	100	16,00
Sykur högginn	1	0,90
Strausykur	1	0,80
Púðursykur	1	0,60
Íslenskt rjómaþússmjör	1	3,00
— smjör heima gert	1	2,60
Smjörliki nr. 1	1	1,80
— — 2	1	1,70
— — 3	1	1,60
Tólg	1	1,60
Kindakjöt nýtt	1	0,80
— — saltað	1	0,90
Útlend kol (til heimilisnotkunar)	160	16,00
Nýmjólk 1 lítri	...	0,30
Ola (til heimilisnotkunar, hita, suðu og ljósa)... 1 —	...	0,25

Ofanskráð mjölverð (á rúgmjöli og hveitímjöli) sje lagt til grundvallar verðlagi á matbrauði (rúgbrauði, normalbrauði, franskbrauði, sigtibrauði, súrbrauði, hveitihleifum og landbrauði) í brauðgerðarhúsum og á útsölustöðum, fyrir þá er njóta eiga þeirrar ívilnunar á verðlagi á lífsnauðsynjum, er lög þessi heimila, og skal verðlagsnefnd ákveða brauðverðið.

2. gr.

Seljendum er gert að skyldu að selja almenningi þessar vörur við því

verði, sem ræðir um í 1. gr. þessara laga, en það sem varan kann að vera dýrari; fá þeir greitt úr landssjóði, en gefa verða þeir stjórninni sanna skýrslu um, hversu mikið þeir hafa selt.

3. gr.

Stjórnin semur og setur reglugerð um það, með hverjum hætti gjald þetta skuli greitt seljendum, og hver sönnunargögn þeir skuli láta fylgja skýrslum sínum. Sömu leiðis semur og setur stjórnin reglur til tryggingar því, að þeir einir njóti þeirra hlunninda, og á þann hátt, sem lög þessi heimila.

4. gr.

Einungis þeir, sem hafa fyrir ómaga að sjá og hafa í árstekjur 2200 kr. eða minna, eiga rjett á að landssjóður greiði þá verðhækkun, sem er orðin eða verða kann, fram yfir það verðlag á vörum, sem getið er um í 1. gr., fyrir:

- a. maka sinn og börn,
- b. aðra ómaga, sem þeir hafa fyrir að sjá,
- c. vinnuhjú, sem vinna að heimilisstörfum.

Þeir, sem ekki eru fullvinnandi og verða að sjá fyrir sjer sjálfir, skulu og verða þessa verðlags aðnjótandi. Hið sama gildir og um þá, sem að einhverju leyti þiggja af sveit.

Auk þessara hlunninda skulu þeir heimilisframfærendur, sem hafa 2200 kr. árstekjur eða minna og eiga fyrir þremur eða fleiri ómögum að sjá, fá 50 kr. á ári greiddar úr landssjóði fyrir hvern ómaga.

Ennfremur skulu þeir heimilisframfærendur, sem hafa yfir 2200 kr. en innan við 2800 kr. árstekjur og eiga fyrir þremur eða fleiri ómögum að sjá, fá 50 kr. á ári greiddar úr landssjóði fyrir hvern ómaga.

Til árstekna skal telja allar tekjur, hvort heldur eru af eign eða atvinnu, svo og hlunnindi, þar á meðal ókeypis húsnæði, ljós, eldivið, jarðar-afnot o. fl. Hafi hvorttveggja hjónanna tekjur á árinu, skal leggja tekjur þeirra saman, og eiga þau því að eins rjett á þeim hlunnindum, er lög þessi heimila, að tekjur þeirra samanlagðar sjeu undir hámarki því, er talið er í þessari grein.

5. gr.

Þeir, sem framleiða eitthvað af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr., skulu ekki eiga kost á þeirri vörutegund, sem þeir framleiða, með afslætti af hálfu landssjóðs, nema framleiðsla þeirra sje svo lítil, að hún nægi ekki til heimilisþarfa, og þá því að eins að því leyti, sem hún ekki nægir, samkvæmt ákvörðun stjórnarráðsins.

Hve mikið skuli selt á hvern heimilismann með afslætti af hverri vörutegund, sem talin er í 1. grein, setur stjórnin reglur um.

6. gr.

Til framkvæmda þessara laga heimilast stjórninni að taka peningalán, ef þörf gerist.

7. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og standa þar til er lokið verður heimsstyrjöldinni og friður er saminn.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Síðan stríðið hófst hafa nauðsynjavörur alt af verið að hækka í verði, einkanlega þó í seinni tíð.

Kauphækkun sú, er almenningur hefir fengið, hefir hvergi nærri vegið upp á móti verðhækkun nauðsynja, og síst þeirri verðhækkun, sem orðið hefir á lífsnauðsynjum almennings 3—4 síðustu mánuðina. Þar við bætist svo, að atvinna hefir verið fremur rýr hjá mörgum hverjum í kauptúnum síðan í vor að sjávarútgerðin stöðvaðist.

Kaup verkamanna hjer, t. d. í Reykjavík, hefir hækkað um $71\frac{8}{7}\%$ síðan stríðið byrjaði, en brýnustu lífsnauðsynjar um 2—4 hundruð $\%$. Má því fara nærri um hver afkoma þeirra manna er, sem eingöngu lifa á handafla sínum og enga framleiðslu hafa. Dylst vonandi engum skynbærum manni, sem þetta íhugar, að einhverra ráða verður að leita til að draga úr dýrtíðinni fyrir almenning. Og virðist þá liggja beinast við, að landssjóður greiði nokkurn hluta af verðhækkun helstu lífsnauðsynja, á sama eða svipaðan hátt og hjer er farið fram á.

Landsstjórnin fer nú fram á við Alþingi, að það veiti dýrtíðaruppbót flestum starfsmönnum landssjóðs. Er slíkt í sjálfu sjer alls ekki órjettmætt, en margir þeirra hafa þó margfalt hærri laun en almenningur, og fyrir engu stærra heimili að sjá, og sje þar um brýna þörf að ræða, má fara nærri um afkomu þeirra manna, sem margfalt minni laun hafa og stopula vinnu stunda.

Þótt menn geti um hásumarið að eins dregið fram lífið, er alveg víst, þegar að haustar og atvinna minkar að mun, að almenningur lifur af skorti, ef ekki verður dregið úr dýrtíðinni að verulegum mun.

Hjá öllum almenningi er af engum forða að taka á svona tímum; hann á hann ekki til.

Hrökkvi daglaunin ekki fyrir daglegum nauðsynjum, tekur ekkert annað við en sulturinn.

Fjölmönnum bæjarfélögum sjerstaklega, meira og minna illa stöddum fjárhagslega, er hins vegar ómögulegt að hjálpa öllum þeim, sem nauðsynlegt er að veita lið á svona tímum; til þess hefir landssjóður einn nokkurn mátt.

Þó að sumum kunni að virðast óefnilegt, að landssjóður stofni til skulda í þessu skyni, ber þeim að hafa það hugfast, að líf og heilsa, ef til vill mörg þúsund manna, er meira virði en dálítill fjárupphæð.